

15. júlí 2021

Kæru íbúar og aðstandendur.

Breyting hefur orðið á þeirri góðu stöðu sem verið hefur á Íslandi varðandi heimsfaraldur Covid-19 undanfarnar vikur. Neyðarstjórn Hrafnistu fylgist grannt með gangi mála og leggur áherslu á að mikilvægt er að hafa í huga tillögur sóttvarnaryfirvalda og herða reglur ef þörf krefur.

Ákveðið hefur verið að gera **ekki stórvægilegar breytingar** á reglum um heimsóknir að svo stöddu, en við leggjum áherslu á að heimsóknargestir séu eingöngu í heimsókn á herbergjum íbúa, en ekki í setustofum eða borðstofum eininga/deilda eða öðrum alrýmum heimilanna.

Minnum á neðangreindar reglur og leggjum áherslu á **mikilvægi** þess að allir hugi vel að persónubundnum sóttvörnum s.s. handþvotti og handsprittun.

1. **Alls ekki** koma í heimsókn ef:
 - a. Þú ert í sóttkví.
 - b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
 - c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - d. Þú ert með COVID-19 lík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
 - e. Þú ert með einhver önnur almenn einkenni um veikindi.
2. **Virða** þarf 1 metra nándarmörk milli gesta, annarra íbúa og starfsfólks heimilisins.
3. **Óbólusettir gestir** heimilanna þurfa að bera andlitsgrímu ef ekki er hægt að tryggja 1 metra fjarlægð við íbúa og starfsmenn heimilanna.
4. **Fullbólusettir aðstandendur** sem dvalið hafa erlendis mega koma í heimsókn að höfðu samráði við stjórnendur deilda og að því tilskyldu að þeir séu með öllu einkennalausir. Mælst er til að þeir séu með andlitsgrímu þar til á 7. degi eftir heimkomu og ítrekað að þeir eiga ekki að dvelja í sameiginlegum rýmum deildar.
5. **Óbólusettir aðstandendur** sem eru að koma erlendis frá mega ekki koma í heimsókn inn á heimilin fyrr en 14 dagar eru liðnir frá heimkomu (undanþágu er hægt að fá í samráði við stjórnendur deildar ef um skyndileg veikindi/lífslokameðferð er að ræða hjá íbúa).

Neyðarstjórn Hrafnistu leggur áherslu á að nauðsyn er að fylgja tilmælum sóttvarnaryfirvalda og grípa til frekari aðgerða og takmarkana ef þörf krefur.

Kær kveðja,

Neyðarstjórn Hrafnistu